

## ✉ Re: FS: Endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar

Búið til	23.9.2020 10:08:47
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	23.9.2020 10:08:46
Tilheyrir	📁 202009-0005 - Endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar. Skipulags- og matslýsing.

### Efni

Re: FS: Endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar
---

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	23.9.2020 10:08:46	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	ragnar@borgarbyggd.is

### Innihald

<p>Tilvísun í málsnr. 202009-0005 (TB)</p> <p>Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Borgarbyggð, dags. 7. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar Aðalskipulags Borgarbyggðar.</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulags- og matslýsingu. Lýsingin er vönduð og þar er tekið á flestum þeim þáttum sem þarf að fjalla um við frekari vinnslu við endurskoðun aðalskipulagsins. Eins og kemur fram í lýsingunni er hún lýsing á hvernig staðið verður að gerð aðalskipulagsins, hvernig íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum er gefið tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við skipulagsgerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur. Lýsingin sjálf tekur því ekki afstöðu til einstakra skipulagsverkefna mála heldur leggur línur um hvernig skipulagið er unnið. Það mun því fyrst koma í ljós hvernig til tekst þegar endurskoðun er lokið.</p> <p>Hvað hlutverk Náttúrufræðistofnunar varðar þá eru komið inn á flest það sem skiptir máli varðandi náttúruvar og náttúruvernd og þar undir t.d. hlutverk náttúruvinnjaskrár A, B og C hluta. Sérstaklega er farið yfir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem eru einskonar regnhlífamarkmið. Ekki má gleymast að til að ná þeim markmiðum, t.d. í náttúruvernd, þarf að fylgja eftir viðmiðum sem er að finna annarsstaðar svo sem í lögum um náttúruvernd og alþjóða samningum sem Ísland er aðili að á þeim vettvangi og má þar nefna samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, Bernarsamninginn og Ramsarsamninginn. Í þessum samningum og í lögum um náttúruvernd er því að finna þau eiginlegu viðmið sem þarf að miða við til að hægt sé að meta hvort árangur hafi náðst. Tillögur Náttúrufræðistofnunar um svæði sem ástæða er til að vernda, B-hluti náttúruvinnjaskrár og komið er inn á í lýsingunni, eru einmitt til að uppfylla kröfur um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, m.a. með neti verndarsvæða sem byggja á vistfræði tegunda/vistgerða/búsvæða. Tillögurnar byggja á tiltækum vísindalegum gögnum um náttúruvar og ef raunverulegur árangur á að nást í vernd er mikilvægt að skipulag sveitarfélaga taki mið af tillögnum og að hægt sé að sýna fram á árangur með mælingum/vöktun, þ.e. ákjósanlega verndarstöðu tegunda/búsvæða/vistgerða.</p>
--

Meðfylgjandi eru hér ýmsar ábendingar sem geta komið að notum. Náttúrufræðistofnun gerir sér grein fyrir að sumt af því sem bent er á kemur einnig að einhverju leiti fram í lýsingunni en vill engu að síður benda á eftirfarandi:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laga um náttúruvernd sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglu hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki í einstaka málum.

Vegna frekari vinnslu á endurskoðun aðalskipulagsins vill Náttúrufræðistofnun einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> (<http://ni.is/grodur/vistgerdir>) sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> (<http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>) , og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> (<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) og [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)) . Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>) en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/> (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eru enn í formlegu ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd.<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>)

Finna má upplýsingar/kortasjá um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> (<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>)

Kortasjá um jarðfræði Íslands, þ.e. berggrunnskort og jarðgrunnskort, má finna hér <https://jardfraedikort.ni.is/> (<https://jardfraedikort.ni.is/>)

Ennfremur má finna upplýsingar um seli við strendur Íslands hér: Fjölrit um seli hér: [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf) ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf)) , og kortasjá <https://www.ni.is/node/27206> (<https://www.ni.is/node/27206>) .

Válista fyrir spendýr má finna hér: <https://ni.is/node/27354> (<https://ni.is/node/27354>) .

Yfirlit yfir válista almennt (fuglar, plöntur og spendýr) má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar> (<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>).

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við væntanlegt skipulag á síðari stigum þess gerist þörf á því.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



**Frá:** Ragnar Frank <ragnar@borgarbyggd.is>  
**Sent:** mánudagur, 7. september 2020 14:43  
**Til:** Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>  
**Afrit:** Guðmundur Guðmundsson - NI <Guðmundur.Guðmundsson@ni.is>  
**Efni:** Endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar

Ágæti Trausti Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands.

**Óskað er eftir umsögn er varðar endurskoðun aðalskipulag Borgarbyggðar, skipulags- og matslýsing.**

Sveitarstjórn Borgarbyggðar ákvað á 199. fundi sínum, 11. júní 2020, að samþykkja auglýsingu á Endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar.

Þann 6. mars sl. var samþykkt að hefja vinnu við skipulagslýsingu af Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar á 9. fundi sínum.

Bókun 199. fundar Sveitarstjórnar Borgarbyggðar (11.6.2020):

*Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkir verkefnalýsingu fyrir endurskoðun á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 til auglýsingar. Lögð var fram skipulags- og matslýsing dags. 28. maí 2020 fyrir endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar. Verkefnið er unnið á grundvelli skipulagslaga og laga um umhverfismat áætlaða. Í skjalinu er lýst hvernig staðið verður að gerð aðalskipulagsins með það að markmiði að gefa íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við skipulagsgerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur. Einnig að upplýsa þá um hvar og hvernig tækifæri gefist til þátttöku í vinnuferlinu. Málsmeðferð verður samkvæmt 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.*

Meðfylgjandi eru lýsing-aðalskipulag Borgarbyggðar.

Látið mig vita ef senda á sérstakt erindi í pósti.



**Bestu kveðjur / Best regards**

Ragnar Frank Kristjánsson

Sviðsstjóri umhverfis og skipulagssviðs Borgarbyggðar

☎ +354 433-7100

ragnar@borgarbyggd.is (mailto:ragnar@borgarbyggd.is) / www.borgarbyggd.is

(http://www.borgarbyggd.is/)

www.facebook.com/borgarbyggd (http://www.facebook.com/borgarbyggd)

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Borgarbyggðar eða tengdra stofnana. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Borgarbyggð or its affiliated entities. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments.

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.png (5 KB)